

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2023/1605**

2024/EES/34/59

frá 22. maí 2023

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 að því er varðar ákvörðun á endapunktum í framleiðsluferli tiltekins lífræns áburðar og tiltekinna jarðvegsbæta (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og manna, sem varða afleiddar afurðir, til að koma í veg fyrir og lágmarka áhættur fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða og einkum til að vernda öryggi matvæla- og fôðurferlisins. Í henni er nánar tiltekið mælt fyrir um reglur að því er varðar örugga meðhöndlun og vinnslu á eða ummyndun aukaafurða úr dýrum í afleiddar afurðir, þ.m.t. reglur um setningu lífræns áburðar og jarðvegsbæta á markað og notkun þeirra. Að auki er kveðið á um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 <sup>(2)</sup>, að framkvæmdastjórninni sé falið vald til að samþykkja framseldar gerðir til að ákvarða endapunkta í framleiðsluferlinu og ef farið er yfir þá falli tilteknar afleiddar afurðir ekki lengur undir kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1069/2009.
- 2) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 eru settar reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði. Sú reglugerð gildir ekki um afleiddar afurðir sem falla undir kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 þegar þær eru boðnar fram á markaði. Samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1009 mega tilteknar afleiddar afurðir verða að, eða verða hluti af, ESB-áburðarvörur að því tilskildu að endapunkti í framleiðsluferli afleiddu afurðanna sé náð sem tryggir þar með vernd fyrir heilbrigði dýra og manna. Þessar afleiddu afurðir sem hafa náð endapunkti í framleiðsluferli tiltekins lífræns áburðar og jarðvegsbæta falla ekki lengur undir kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og falla einungis undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2019/1009.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 198, 8.8.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2024 frá 15. mars 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 (Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1).

- 3) Hinn 2. desember 2021 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit sitt „Inactivation of indicator microorganisms and biological hazards by standard and/or alternative processing methods in Category 2 and 3 animal by-products and derived products to be used as organic fertilisers and/or soil improvers“<sup>(3)</sup> (Matvælaöryggisstofnun Evrópu, vísindalegt álit frá 2. desember 2021). Samkvæmt þessu vísindalega álitu skapar aska úr efni í 2. og 3. flokki sem uppfyllir kröfurnar í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011<sup>(4)</sup>, glýserín úr efni í 2. og 3. flokki og önnur efni í 2. flokki úr framleiðslu á lífdísilólíu í samræmi við staðgönguáðferðir til framleiðslu á lífdísilólíu eða endurnýjanlegu eldsneyti, sem settar eru fram í IV. viðauka við þá reglugerð, litla áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra vegna öruggrar vinnslu. Unnt er að ákvarða endapunkt í framleiðsluferlinu fyrir þessar afleiddu afurðir. Þessar afleiddu afurðir ættu að ná endapunktinum ef þær eru notaðar sem efnisþáttaefniviður í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/1009.
- 4) Tilteknar afleiddar afurðir voru ekki teknar með í vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2. desember 2021 þar eð þær höfðu nýlega verið metnar í öðrum vísindalegum álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar. Á árinu 2015 voru molta og lifgassmeltunarleifar sem falla undir staðlaðar ummyndunarvinnslubreytur metnar sem öruggar í álitu Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 13. nóvember 2015 „Risk to public and/or animal health of the treatment of dead-in-shell chicks (Category 2 material) to be used as raw material for the production of biogas or compost with Category 3 approved method“<sup>(5)</sup>. Vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar um endurskoðun á meginlegu áhættumati á áhættu í tengslum við kúariðu af völdum unninna dýraprófína<sup>(6)</sup> var samþykkt 17. júlí 2018 í þeim tilgangi að endurskoða að hluta til fôðurbannið sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001<sup>(7)</sup>. Unninn húsdýraáburður var metinn í vísindalegu álitu Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 27. apríl 2021 „Ability of different matrices to transmit African swine fever virus“<sup>(8)</sup> sem inniheldur mat á öryggi fyrir heilbrigði dýra við hitameðhöndlun á unnum húsdýraáburði.
- 5) Að því er varðar tiltekinn lífrænan áburð og tiltekna jarðvegsbæta þarf að gera ráðstafanir til að draga úr áhættu til þess að ná endapunkti í framleiðsluferlinu til að tryggja að farið sé að fôðurbanninu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001. Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 142/2011 skal blanda suma af þessum lífrænu áburðum og jarðvegsbætum með efnisþætti sem útilokar að hægt sé seinna að nota blönduna sem fôður til að koma í veg fyrir að tilteknir smitandi svampheilakvillar berist með áburði inn í fôðurferlið fyrir alidýr. Rétt þykir að innleiða samsetningu fyrirbyggjandi ráðstafana til að draga úr áhættu, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 142/2011, á grundvelli umbúða, merkinga og samsetningar.
- 6) Einungis ætti að líta svo á að afleiddar afurðir hafi náð endapunktinum ef þær eru framleiddar í áburðarverksmiðju í Sambandinu sem er samþykkt í samræmi við f-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Samþykkt áburðarverksmiðja er síðasti punkturinn í framleiðsluferlinu þar sem afleiddar afurðir falla undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og staðurinn þar sem þær verða, eftir að þær hafa náð endapunkti, afurðir sem falla einungis undir kröfurnar í reglugerð (ESB) 2019/1009.

<sup>(3)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(12), 6932.

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

<sup>(5)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(11), 4306.

<sup>(6)</sup> <https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.2903/j.efsa.2018.5314> (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5314).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahörnnunar (Stjtið. EB L 147. 31.5.2001 bls. 1).

<sup>(8)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19 (4), 6558.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

### Efni

Með þessari reglugerð eru endapunktur í framleiðsluferli lífræns áburðar og jarðvegsbæta, sem eru framleiddir í Sambandinu, ákvarðaðir og ef farið er yfir þá falla þeir ekki lengur undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, að því tilskildu að þeir séu notaðir sem efnisþáttaefniviðir í ESB-áburðarvörur í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/1009.

2. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „ESB-áburðarvara“: áburðarvara eins og hún er skilgreind í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009,
2. „endapunktur“: endapunktur í framleiðsluferlinu og ef farið er yfir hann fellur afleidd afurð ekki lengur undir kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

3. gr.

### Endapunktur fyrir tiltekinn lífrænan áburð og tiltekna jarðvegsbæta

Litið skal svo á að eftirfarandi afleiddar afurðir, aðrar en þær sem eru fluttar inn í Sambandið, ef þær eru framleiddar í áburðarverksmiðju sem er samþykkt í samræmi við f-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, hafi náð endapunkti sem lífrænn áburður og jarðvegsbætar:

- a) aska sem er fengin úr efni í 2. og 3. flokki sem uppfyllir almennu og sértæku kröfurnar í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- b) leifar sem falla til við ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgasstöð sem uppfylla kröfurnar í eftirfarandi ákvæðum í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:
  - i. ákvæði 1. liðar, a-, b-, c- og e-liðar 2. liðar og 3. og 4. liðar í 1. þætti I. kafla,
  - ii. ákvæði II. kafla,
  - iii. ákvæði fyrsta og síðasta liðar í 1. lið í 1. þætti og 1. liðar 3. þáttar III. kafla,
- c) molta sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í eftirfarandi ákvæðum í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:
  - i. ákvæði 1., 3. og 4. liðar 2. þáttar I. kafla,
  - ii. ákvæði II. kafla,
  - iii. ákvæði 2. liðar 1. þáttar og 1. liðar 3. þáttar III. kafla,
- d) unninn húsdýraáburður og unninn skordýrasaur sem uppfylla kröfurnar í a-, b-, d- og e-lið 2. þáttar I. kafla XI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

## 4. gr.

**Endapunktur fyrir tiltekinn lífrænan áburð og tiltekna jarðvegsbæta háð því að gerðar séu ráðstafanir til að draga úr áhættu**

1. Litið skal svo á að eftirfarandi afleiddar afurðir, aðrar en þær sem eru fluttar inn í Sambandið, ef þær eru framleiddar í áburðarverksmiðju sem er samþykkt í samræmi við f-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, hafi náð endapunkti sem lífrænn áburður og jarðvegsbætur ef þær eru notaðar í ESB-áburðarvöru í hlutfalli sem nemur ekki meira en 5% miðað við rúmmál:

- a) glýserín úr efni í 2. og 3. flokki og annað efni í 2. flokki sem fellur til við framleiðsluferli lífdísilólíu og framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti sem uppfyllir kröfurnar í b-, c- og f-lið 2. liðar 3. þáttar í IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- b) efni í 3. flokki, önnur en glýserín, sem uppfylla kröfurnar í b-, c- og f-lið 2. liðar 3. þáttar í IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- c) unnið dýraprótein úr efni í 3. flokki sem uppfyllir sértæku kröfurnar sem varða unnið dýraprótein í A-lið, 1. og 2. lið B-liðar, a-lið 3. liðar í B-lið og C-lið 1. þáttar í II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- d) kjöt- og beinamjöl úr efni í 2. flokki sem er unnið með staðlaðri vinnsluaðferð 1 í A-lið III. kafla IV. viðauka og merkt með glýseróltríheptanóati, eins og sett er fram í V. kafla VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- e) blóðafurðir úr efni í 3. flokki sem uppfyllir sértæku kröfurnar sem varða blóðafurðir í 2. þætti II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- f) vatnsrofið prótín, þ.m.t. vatnsrofið prótín úr leifum úr leður- eða textíliðnaðinum, sem uppfyllir sértæku kröfurnar sem varða vatnsrofið prótín í D-lið í 5. þætti II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- g) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat sem uppfyllir sértæku kröfurnar í 6. eða 7. þætti II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, eftir því sem við á,
- h) horn, hornafurðir, hófar og klaufir og afurðir úr hófum og klaufum sem uppfylla sértæku kröfurnar í XII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

2. Litið skal svo á að afleiddu afurðirnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem eru fyrir hendi í ESB-áburðarvöru í hlutfalli sem nemur meira en 5% miðað við rúmmál, hafi náð endapunktinum sem lífrænn áburður og jarðvegsbætur ef þeim er pakkað í söluumbúðir, til notkunar fyrir lokaneytendur, sem eru merktar í samræmi við kröfurnar um merkingar á ESB-áburðarvörum, sem innihalda afleiddar afurðir, sem mælt er fyrir um í I. hluta III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 og uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í annaðhvort a-lið eða í b-lið hér á eftir:

- a) umbúðirnar vega ekki meira en 50 kg eða
- b) umbúðirnar vega ekki meira en 1000 kg og þar af eru að lágmarki 10%, miðað við rúmmál, eitt af eftirfarandi:
  - i. kalk,
  - ii. jarðefnaáburður eða
  - iii. afleiddar afurðir sem um getur í 3. gr.

## 5. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---